

Skólaráðsfundur Melaskóla

Fundargerð

27. febrúar 2020

Fundarstjóri: Björgvin Þór Þórhallsson

Ritari: Edda Björnsdóttir

Mætt: Björgvin Þór Þórhallsson, Anna Guðmundsdóttir, Jórunn Pálsdóttir, Edda Björnsdóttir, Steinunn María Stefánsdóttir, Elísabet Lára Gunnarsdóttir, Elías Andri Wendel, Natallía Kjerúlf Óskarsdóttir.

Fundur settur

Skólastjóri byrjaði fundinn á að þakka foreldrafélaginu stuðning og velvilja í garð skólans. Nýlega barst skólanum að gjöf 10 töfl og 10 skákklukkur, tveir sófar á bókasafnið fyrir kósíhorn sem foreldrafélagið er að útbúa að eigin frumkvæði og fleira tengt því. Einnig stendur til að styðja við tónmenntina og að kaupa bókvarpa fyrir skólann. Skólinn þarf að finna tegundina sem foreldrafélagið mun svo borgar í framhaldinu.

Í nafni Skólaráðs og skólans verður send út fréttatilkynning.

Fundarsköp

Nýtt fyrirkomulag kynnt varðandi fundarsköp. Nemendafulltrúar verða fyrstu 20 mín á fundinum og víkja svo af fundi. Þá hafa þau tækifæri til að koma fram með fyrirfram mótaðar tillögur sem unnar hafa verið í nemendaráði. Hugmyndir geta borist ráðinu með því að nemendur sendi inn tillögur í hugmyndakassa sem nemendaráð ásamt fulltrúum nemenda í skólaráði ætla að útbúa. Þau munu einnig útbúa eyðublað til innfyllingar. Koma þarf fram á eyðublaðinu nafn þess sem sendir inn hugmyndina og einnig nánari útfærsla á hugmyndinni. Svenni hefur boðið fram aðstoð við gerð hugmyndakassans.

Matsalur

Matsalurinn ræddur og hugmyndir um hvernig nemendur geti komið að matseðilsgerð. Þá hugmynd þarf að útfæra nánar. Sú hugmynd sem kom upp á fundinum að í samstarfi Theodóru heimilisfræðikennara, Kristínu matráði og Jórunni tæknimenntakennara yrði útbúið þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að gera kostnaðaráætlun, setja matseðil saman með tilliti til næringargildis og að hver árgangur á miðstigi hafi því einn dag í matsalnum þar sem réttur dagsins sé í þeirra umsjá. Hægt væri að hafa viðhafnarskraut eða annað í tilefni dagsins.

Öryggismál

Öryggismál rædd í tengslum við atvikið í Austurbæjarskóla. Hugmyndir að útfærslu í Melaskóla kynntar.

Húsnæðismálin

Skólastjóri fékk nánast engin viðbrögð frá foreldrum við bréfi um aðstöðumál við skólann sem sent var til allra foreldra. Íbúðaráð Vesturbæjar fundaði hér í skólanum skömmu eftir að bréfið var sent út. Skúli Helgason var á fundinum og sagðist leggja til að stofnuð yrði nefnd fyrir húsnæðismál Melaskóla. Fulltrúar skólaráðs hafa áður bent á að það eru til margar skýrslur um aðstöðuvanda Melaskóla. Skúli sagði einnig að almennt væri viðurkennt að röðin væri komin að Melaskóla í einhverju en ekkert nánar um hvert næsta skref væri. Á skólaráðsfundinum var minnt á að í nýútkomni aðgerðaráætlun um viðhald skólalóða í borginni var ekki minnst á Melaskóla þrátt fyrir aðkallandi þörf.

Viðauki til útskýringar: Eins og sjá má í þessum viðtölum hefur Melaskóli löngum átt að vera á forgangslista: <https://www.visir.is/g/2017170619925> ; <http://borgarblod.is/wp-content/uploads/2020/02/VB-FEB-20.pdf> og hér <http://borgarblod.is/wp-content/uploads/2017/11/VB-N%C3%93V-17.pdf>

Sjónarmið kennara var komið á framfæri á skólaráðsfundinum um að kennarar upplifi engan þunga í þessu máli af hálfu borgaryfirvalda. Hugmyndin um að moka kjallarann út var ekki rædd á íbúafundinum en þar er um að ræða tiltölulega einfalda framkvæmd sem gæti leyst hluta aðstöðuvanda skólans.

Nemendur viku af fundi

Skólapúlsinn

Niðurstöður Skólapúlsins sýna að aðstöðuleysi hefur áhrif á viðhorf nemenda til skólans. Mat nemenda á skólastarfinu hefur farið heldur niður á við í öllum mældum þáttum utan eins og þá stóð matið í stað. Hér er á ferð mikið áhyggjuefni. Fyrri niðurstöður sýndu að skólinn var á góðum stað en nýjustu tölur sýna töluverð frávik. Niðurstöðurnar verða kynntar á skólaráðsfundi og kennarafundi í framhaldinu. Ekki var farið ítarlegar út í niðurstöðurnar á fundinum.

Hugmynd sett fram um að skólinn setji fram 5 ára áætlun um hvar kennarar og starfsfólk skólans sjái starfið og flétta inn aðstöðunni inn í það. Hægt væri að kynna það fyrir Skóla- og frístundasviði sem líkur væri á að skólinn væri studdur með.

Önnur mál

Framundan er opinn fundur í skólaráði þar sem öllum er frjálst að mæta bæði foreldrum og kennarar. Kennarar verða hvattir til að mæta á þann fund.

Mjög dræm mæting hefur verið á aðalfundi foreldrafélagsins. Á síðasta aðalfund mættu fjórir. Foreldrafélagið er að meta hvort þau muni breyta fyrirkomulaginu og samþætta aðalfund við fræðslufund fyrir foreldra í leiðinni til að trekkja að. Einnig var rædd sú hugmynd að sameina fræðslufund, foreldrafélagsfund og opna skólaráðsfundinn.

Fundi slitið kl. 9.15